

# Vinnuverndarstofnun Evrópusambandsins

## Ársskýrsla 2012 Samantekt



***Europe Direct er þjónusta sem aðstoðar við að svara  
spurningum um Evrópusambandið.***

**Gjaldfrjálst númer (\*):  
00 800 6 7 8 9 10 11**

(\*) Sum farsímafyrirtæki bjóða ekki upp á aðgang að 00 800 númerum eða taka gjald fyrir símtölin.

Frekari upplýsingar um Evrópusambandið má finna á Netinu (<http://europa.eu>).

Luxembourg: Publications Office of the European Union, 2013

ISBN: 978-92-9240-052-1

ISSN: 1977-2637

doi: 10.2802/53684

© Vinnuverndarstofnun Evrópu, 2013

Afritun er leyfð ef heimildar er getið.

Á tímum efnahagslega þrenginga og niðurskurði á opinberum útgjöldum til fyrirtækja, heldur Vinnuverndarstofnun Evrópu áfram að auglýsa mikilvægi góðrar vinnuverndar fyrir fyrirtæki af öllum stærðum. Stofnunin hefur einnig hafið undirbúning skipulags til framtíðar með þróun stefnumótandi áætlunar til næstu ára fyrir starfið að vinnuvernd.

## 1. Söfnun og greining upplýsinga

### Evrópska athugunarstöðin fyrir áhættu

Á árinu 2012 lauk fyrsta [Framsýnisverkefninu](#), flaggskipi stofnunarinnar, sem miðar að því að átta sig á langtíma áhættu í tengslum við hraðvaxandi svið *grænna starfa*. Með gerð sviðsmynda af því sem kann að gerast með hliðsjón af ákveðnum tæknilegum framförum eða breytingum í samfélaginu og áhrifum þessara breytinga á vinnuvernd er markmiðið að örva umræðu og sýna stefnumótendum fram á áhrif ákveðinna aðgerða.



[Lokaskýrsla](#) og [samantekt](#) á verkefninu undir heitinu *Græn störf og vinnuvernd: Framsýni fyrir nýjar og aðsteðjandi hættur sem tengjast nýrri tækni fyrir árið 2020* verður birt á árinu 2013.

Annað flaggskipsverkefni stofnunarinnar hefur verið [Evrópska fyrirtækjakönnunin um nýjar og aðsteðjandi áhættur \(ESENER\)](#) sem í fyrsta skipti gefur okkur hugmynd í rauntíma um hvernig nokkrum mikilvægum vinnustaðahættum er stjórnað í Evrópu, einkum sálfélagslegum áhættum eins og vinnutengdri streitu, ofbeldi og áreitni.

Áherslan hefur nú færst til framhalds greiningar á gögnum frá könnuninni og voru birtar fjórar skýrslur og [samantekt](#) árið 2012: [Stjórnun vinnuverndarmála](#), [Framsetning starfsmanna og viðræður á sviði vinnuverndarmála](#), [Stjórnun sálfélagslegrar áhættu á vinnustöðum](#), og [Hvatar og hindranir fyrir sálfélagslega áhættustjórnun](#). Önnur ESENER könnun hefur verið samþykkt og mun hún einnig ná til smærri fyrirtækja, landbúnaðargeirans og fleiri landa.

Annað verkefni hefur leitt til nýrrar skýrslu á vegum stofnunarinnar undir heitinu [Áhættuskynjun og áhættusamskipti með hliðsjón af nanóefnum á vinnustöðum](#), sem upplýsir um eyður í vitund okkar varðandi hugsanlegar áhættur við meðhöndlun nanóefna – efna í örsmáum skala.

Vinna hefur einnig haldið áfram við undirbúning á forútgáfu Vinnuverndarwiki árið 2013 en verið er að bæta við greinum um þau helstu efni sem tengjast vinnuáætlun stofnunarinnar.

## Upplýsingar um vinnuumhverfið

Fjöldi [hagnýtra leiðbeininga og upplýsingablaða](#) hafa verið gefin út á árinu til stuðnings herferðinni [Vinnuvernd er allra hagur 2012 - 13](#), sem ber heitið *Vinnuvernd - allir vinna*. Þar á meðal eru tvö rit sem gerð voru í samstarfi við Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC) og BUSINESSEUROPE, um [starfsmannabátttöku](#) og [stjórnunarforystu](#) í tengslum við vinnuverndarmál. Því til viðbótar er skýrsla, sem skoðar hvernig góð forysta getur eftir [vinnuvernd meðal starfsmanna](#), skoðuð eru raunveruleg dæmi um [venjur og hefðir við tarfsmannabátttöku](#) og önnur rannsókn skoðar hvaða leiðir eru fyrir fyrirtæki til þess að efla góða [vinnuvernd í gegnum dreifingaraðila sína](#).

Vinna hefur einnig hafist við undirbúning á herferðinni 2014-15, sem beinir kastljósinu að sálfélagslegum áhættum, einkum hagnýtum lausnum og verkfærum til þess að takast á við þessi mál. Árið 2012 framkvæmdi stofnunin könnun meðal innlendra tengiliða til að komast að því hvers kyns stuðning þeir þurfi á að halda í tengslum við herferðirnar og hafa niðurstöður könnunarinnar hjálpað til við gerð efnis, sem verið er að þróa fyrir næstu herferð.

[Gagnvirka áhættumatsverkfærið á Netinu \(OiRA\)](#) veitir einkum smáfyrirtækjum, einfalda og gjaldfrjálsa leið til þess að framkvæma áhættumat. Frá því að OiRA kom á markaðinn árið 2011 hefur stofnunin haldið áfram þróun þess til þess að gera það notendavænna, þróað OiRA samfélag (þar sem þjálfun og sérstakt þjónustuborð er í boði) og auglýst notkun þess og hvernig aðlaga megi OiRA að ákveðnum iðngreinum. Nýjar OiRA einingar eru í þróun fyrir sálfélagslegar áhættur, áhættusama starfsemi tengda viðhaldsvinnu og skrifstofuvinnu.

[Heilsuefling á vinnustöðum](#) felst í því að atvinnurekendur ganga lengra en heilbrigðis- og öryggisskuldbindingar þeirra krefjast í því skyni að reyna að bæta heilsu starfsmanna sinna. Á árinu 2012 komu út rit um [heilsueflingu ungra starfsmanna á vinnustöðum](#), [eflingu á bættri geðheilsu á vinnustöðum](#), og [fjölskyldumál og jafnvægi á milli vinnu og einkalífs](#), ásamt e-staðreyndum til stuðnings smávægilegri vitundarvakningar um tóbaksreyk í umhverfinu: [Tóbak: ráð fyrir reykingamenn um heilsuáhrif](#), [Tóbak: ráð fyrir þá sem ekki reykja möguleg heilsufarsáhrif](#), og [Tóbak: ráð fyrir atvinnurekendur til að skapa reyklaust vinnuumhverfi](#). Tvær útgáfur á efni voru einnig gerðar, til hvatningar fyrir bæði [atvinnurekenda](#) og [starfsmenn](#) til nota við þátttöku í verkefnum á sviði heilsueflingar á vinnustöðum. Stofnunin hefur einnig tekið þátt í vinnuhópi sérfræðinga um heilsueflingu á vinnustöðum sem hefur það verkefni að útvíkka verkefnið og búa til breiðari nálgun á vellíðan á vinnustöðum.



Sem hluti af viðvarandi verkefni stofnunarinnar um að [samtvinnu vinnuvernd inn í daglega þætti skólastarfs](#), birti stofnunin [staðreyndablað](#) og röð raundæma (undir heitinu [Þjálfun kennara í áhættumenntun – dæmi um að samþætta vinnuvernd inn í kennaraþjálfun](#)), um góðar starfsvenjur við þjálfun kennara í vinnuverndarmálum og kennslu í áhættufræðum.

Árið 2012 hóf stofnunin undirbúning að 2 milljóna evra tilraunaverkefni um vinnuvernd meðal eldri starfsmanna, til upplýsingar við stefnumótun og til þess að veita dæmi um góð ráð og venjur til þess að hjálpa eldri starfsmönnum að halda heilsu. Áætlað er að verkefnið vari til ársins 2015.

## 2. Samskipti, herferðir og kynningarstarf

[Herferðin Vinnuvernd er allra hagur 2012-13](#), sem nefnist Vinnuvernd — allir vinna, hófst í Brussel í apríl. Herferðin beinir kastljósinu að mikilvægi forystu stjórnenda og þátttöku starfsmanna við úrbætur á vinnuverndarmálum. Samstarfsfundur var haldinn í Brussel til þess að fá opinbera samstarfsaðila til liðs við herferðina; yfir 100 þátttakendur frá fjölbreyttum fyrirtækjum gengu til liðs við hana. Áfram er stuðningur við innlenda tengiliði við skipulagningu þeirra eigin viðburða með aðstoð frá Vinnuverndarstofnun Evrópu og fór mikið starf í tengslum við herferðina fram í [Evrópuviku vinnuverndarvikunni](#) í október. Met var sett þegar [86 opinberir samstarfsaðilar herferðarinnar](#) gengu til liðs við átakið, en þeir eru studdir með leiðarvísi herferðarinnar og fjölbreyttu [útgefnu efni](#), sem þýtt er á 24 tungumál og er aðgengilegt öllum. [Myndband](#) með hinni vinsælu teiknimyndapersónu Napo var gerð af Napo samtökunum og í fyrsta skipti var einnig boðið upp á [iPad app](#) meðal þess efnis, sem gert var fyrir herferðina, en það hefur þegar vakið mikinn áhuga. Um 50 tilnefningar bárust fyrir [Verðlaunasamkeppnina um góða starfshætti](#).



Í annað skiptið fór [Evrópska skoðanakönnunin um vinnuverndarmál](#) fram og mældi álit yfir 35,000 almennra borgara í 36 Evrópulöndum á vandamálum vinnustaða. Niðurstöður könnunarinnar styðja vel við starf stofnunarinnar, meðal annars við áhersluna á vinnutengda streitu.



Árið 2012 var [Evrópuár virkrar öldrunar og samstöðu á milli kynslóðanna](#) og tók stofnunin virkan þátt í því með því að útbúa upplýsingar um hvernig aðstoða megi starfsmenn við að halda heilsunni svo þeir geti unnið lengur. Þar á meðal var ný [Vefsíða um vinnuafli sem er að eldast](#) og tengt efni s.s. [Jákvæð efling fyrir eldri starfsmenn](#) og [Betri heilsa í lengri tíma](#).

Stofnunin tók þátt í [Heimsdegi án tóbaks](#), með því að hleypa af stokkunum [herferðinni Reyklausir vinnustaðir](#). Stofnunin þróaði líka nýja verkfærakistu og annað efni til þess að aðstoða atvinnurekendur og starfsmenn við að skilja [nýjar hættumerkingar kemískra efnavara](#) sem smám saman er verið að innleiða í Evrópusambandinu. Fjórða árið í röð afhenti stofnunin [Kvikmyndaverðlaun í tilefni vinnuverndarvikunnar](#) á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Leipzig fyrir heimildar- og teiknimyndir ([DOK Leipzig](#)).

Stofnunin tók þátt í verkefni sem miðaði að því að kynna grunnskólabörnum grundvallarþekkingu á heilbrigðis- og öryggismálum. [Verkefnið Napo fyrir kennara](#) býður kennurum upp á ýmiss konar hjálparefni á internetinu. Úrræðin (þar á meðal kennsluáætlun og myndstiklur eru enn sem komið er í boði á sjö tungumálum) byggja á teiknimyndafígúrunni Napo sem hjálpar til við að breiða út boðskapinn um örugga og heilbrigða vinnustaði með skemmtilegum hætti.



Stofnunin stundaði mikið fréttá-, fjölmiðla- og tengslastarf á innlendum og evrópskum vettvangi og hleypti af stokkunum nýju [samstarfsverkefni við fjölmiðla](#) í tengslum við herferðina Vinnuvernd er allra hagar. Hún hélt áfram að taka virkan átt í ýmsum evrópskum og alþjóðlegum ráðstefnum og sýningum. Stofnunin þróaði einnig nýja netstefnu, lét endurhanna vefsíðu sína og jók sýnileika sinn á [Twitter](#), [Facebook](#) og [LinkedIn](#).

Stofnunin hefur haldið áfram að þróa samvinnu á sviði samskipta með stjórnarsviði fyrirtækja- og iðnaðarins hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og [Fyrirtækjaneti Evrópu](#). Hún hélt áfram að kanna sjónræna fjölmiðla, sem leið til eflingar á góðri vinnuvernd, stækkaði bókasafn sitt, pantaði myndir og studdi ljósmyndasýningar á sviði vinnuverndarmála. Hún hefur einnig haldið áfram útgáfustefnu sinni um útgáfu á tíu nýjum skýrslum stofnunarinnar, sex umsögnum um útgefið efni, þremur staðreyndablöðum, 11 e-staðreyndum og fjölbreyttum greinum ásamt hljóð- og myndefni á árinu.

### 3. Samstarf og samræming

Hvað ESB og alþjóðlegt samstarf varðar ber hæst á árinu þátttaka hagsmunaaðila í gerð stefnumótandi áætlunar stofnunarinnar til nokkurra ára og áframhaldandi miðlun vinnuverndarupplýsinga til Evrópustofnana, samstarfsaðila vinnumarkaðarins og annarra hagsmunaaðila.

Stofnunin heldur áfram vinnu við að undirbúa verðandi og núverandi umsóknarlönd til þátttöku í samevrópsku vinnuverndarstarfi til dæmis með því að skipuleggja viðburði í viðkomandi löndum og útbúa upplýsingaefni stofnunarinnar á viðkomandi tungumálum.

Tengiskrifstofan í Brussel heldur áfram að koma fram fyrir hönd stofnunarinnar hjá nokkrum af helstu samstarfsaðilum hennar á Evrópusambandsvettvangi ásamt því að taka þátt í samræðum Evrópusambandsins og Bandaríkjanna um vinnuverndarmál. Stofnunin tekur einnig í auknum mæli þátt í samræðum aðila vinnumarkaðarins í Evrópu og viðræðunefndum undirsvæða.



**Vinnuverndarstofnun Evrópu (EU-OSHA)** leggur sitt af mörkunum við að gera Evrópu að öruggari, heilbrigðari og afkastameiri stað til að starfa á. Stofnunin rannsakar, þróar og dreifir áreiðanlegum, yfirveguðum og óhlutdrægum upplýsingum um vinnuverndarmál og skipuleggur vitundarvakningar og vinnuverndaráttök um alla Evrópu. Stofnunin, sem var sett á fót af Evrópusambandinu árið 1996 og er með höfuðstöðvar í Bilbao á Spáni, færir saman fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, fulltrúa frá stjórnvöldum aðildarríkjanna, frá samtökum atvinnurekenda og launþega, ásamt leiðandi sérfræðinga frá aðildarríkjum ESB og annars staðar frá.

**Vinnuverndarstofnunar Evrópu**

Gran Vía 33, 48009 Bilbao, Spain

Sími +34 944794360

Fax +34 944794383

Tölvupóstfang: [information@osha.europa.eu](mailto:information@osha.europa.eu)

<http://osha.europa.eu>